

Útivist Smáraskóla

Guðbjörg S. Finnsdóttir
Íþróttakennari

Framsækin útivistarstefna

- “Frímínútur” er mikilvægur þáttur í skólastarfinu og til að vel takist til þurfa þær að vera vel skipulagðar eins hvert annað skólastarf.
- Útivist er nýtt orð fyrir frímínútur, gert til að varpa ljósi á nýja hugsun eða nýja sýn.
- Íþróttir eru fyrir alla.
- Starfsmenn skólans trúverðugar fyrirmyndir.
- Minna einelti í skipulögðum útivistum.

Framsækin útivistarstefna

- Öll börn virk og nýti tímann sinn í uppbyggileg samskipti við skólafélagana og við starfsfólk skólans.
- Vel skipulögð “svæði” með virkum starfsmanni.

Svæði:

- - Fótboltasvæði
- - Leikjasvæði
- - Stultusvæði
- - Húlla-hopp svæði
- - Bandy-svæði
- - Kíló- og eða brenniboltasvæði
- - Hundur og kjötbein
- - Skotboltasvæði
- - Þoturassasvæði þegar snjóar

Hvernig er valið?

- Börnin velja sér svæði og eru á sama svæðinu allan tímann. En næsta dag geta þau valið annað svæði.
- Aldursblöndun í hópum er eitt af stefnumiðum skólans.
- Aðalmálið er að börnin séu að gera eitthvað skemmtilegt og uppbyggilegt.

Skipulögð útivist er betri 😊

- Við sjáum mun á fyrri og seinni útivist.
- Í seinni útivist þar sem börnin eru meira í frjálsum leik koma fleiri árekstrar upp. Sú útivist er reyndar styttri en allir starfsmenn hafa ákveðin hlutverk og bera þannig ábyrgð á sínu svæði sem er mjög mikilvægt.
- Það þarf að kenna börnum að leika sér og það gerum við í skipulagðri útivist, auðvitað þurfa þau líka að leika sér í frjálsum leik en staðreyndin er sú að upp koma fleiri árekstar þeirra á milli og meiri líkur eru á einelti.

Skólaskokk

- Í fyrstu viku hvers mánaðar fer hver árgangur saman út að hlaupa. Þetta er 2,5 km skemmtileg leið um Kópavogslækinn. Umsjónakennarar bekkjanna sameinast hver með sinn bekk og allir eru ánægðir með afrek sitt í að hlaupa eða ganga.

Smárahlaup

- Skólaskokkið er einn liður í að æfa sig undir “alvöru hlaupið” sem er Smárahlaup og er haldið í tengslum við afmælisdag Kópavogsbæjar, fyrsta sunnudag í maí. Þetta er fjölmennasta almenningshlaupið sem haldið er í Kópavogi. Umsjón með hlaupinu hefur Smáraskóli í samvinnu við Kópavogsbæ sem hefur sameinað íþróttadaginn sinn við hlaupadaginn og allir þátttakendur fá verðlaunapening og bol að hlaupi loknu. Sérstök afreksverðlaun fá þeir nemendur skólans sem hlaupa lengri leiðina sem er 7,0 km.

Hóla- og fjallaferðir

- Á vorin fara allir árgangar í hóla- eða fjallaferð og við hvert ár er alltaf klifið hærra fjall.
- 1. bekkur - Öskjuhlíð
- 2. bekkur - Úlfarsfell
- 3. bekkur - Þorbjörn við Grindavík
- 4. bekkur - Búrfell í Heiðmörk
- 5. bekkur - Dyradalur / Botnadalur
- 6. bekkur - Skógarkot / Þingvellir
- 7. bekkur - Reykjadalur
- 8. bekkur - Helgafell
- 9. bekkur - Esjan
- 10. bekkur - Gönguferð - Elliðaavatn

Hjóla- og gönguferðir

- Á haustin eru farnar hjóla- og gönguferðir með 8. 9. og 10. bekk.
- 8. bekkur fer í 4ja daga gönguferð í Þórsmörk
- 9. bekkur fer í 3ja daga hjólaferð um Landmannalaugar sem er 100 km leið.
- 10. bekkur fer í 2ja daga hjólaferð í Fljótshlíð sem er 70 km leið.

Markmið ferðanna

- Nemendur tengjast betur og vináttan styrkist. Áhrifin frá náttúrunni, samveran og sú tilfinning að hafa lokið erfiðri göngu eða hjóladegi er mjög áhrifarík hjá öllum.
- Nemendur eru ánægðir og stoltir af sínu afreki og koma mun öflugri til vinnu fyrir komandi vetrarstarf.